



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 9. júní 1987.

122. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans þriðjudaginn 9. júní 1987 kl. 17.00.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Árnason, skólameistari, Hilmar Þór Hilmarsson, Bogi Hallgrímsson, Jón Gunnarsson, Eggert Ólafsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Sturlaugur Ólafsson, eftirlitsmaður nýbyggingar, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara og Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Athugasemd var gerð við upptalningu fundarmanna á síðast fundi. Þar gleymdist að nefna Hilmar Þór Hilmarsson. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Staða viðbyggingar.

Sturlaugur Ólafsson skýrði verkleg stöðu viðbyggingarinnar. Verkið gengur nokkurn veginn eftir áætlun. Innivinna byrjar hálfum mánuði fyrr en áætlað var.

Skólameistari skýrði fjármálin. Lán fékkst í gegnum Sparisjóð Keflavíkur með eðlilegum vöxtum svo ekki þarf að fara skuldabréfaútboðsleiðina. Þetta sparar peninga í vaxta-greiðslum. Ekki hefur verið gengið endanlega frá láninu, en það verður gert næstu daga. Greiðslur frá ríkinu hafa ekki borist eins og samningur kveður á um.

Formaður skýrði frá því að auglýst yrði útboð í málun á skólahúsinu öllu í vikunni. Hann gat þess einnig að eftir sumarið ætti húsnæði skólans að vera í góðu standi.

Skólameistari lýsti væntanlegum breytingum á húsnæðinu innanhúss. Bókasafnið verður flutt á aðra hæðina, skrifstofa, prentstofa og fjármálastjóri flytja í núverandi húsnæði safnsins og nemendur fá núverandi skrifstofuhúsnæði fyrir sína starfsemi.

2. Kennararáðningar.

Skólameistari óskaði eftir að þessum lið verði frestað vegna framlengingar ráðuneytisins á umsóknarfresti og var það samþykkt.

3. Mál Sigurðar Erlendssonar.

Endanlegri afgreiðslu málsins var frestað til haustsins. Stjórn skólanefndar mun ræða við Sigurð öðru sinni.

4. Lok vorannar 1987 - upphaf haustannar 1987.

Skólameistari gerði grein fyrir lokum vorannar 1987, skólaslitum, sem haldin voru í Sandgerði og dreifði fjölriti þar um. Brautskráður var m.a. 1000. nemendi skólans. Sandgerðingar buðu til kaffidrykkju eftir athöfnina.

Þrír kennarar koma ekki til starfa í haust af persónulegum ástæðum, en það eru Jóhannes Helgason, Jón A. Valdimarsson og Ingibjörg Frederiksen. Mannabreytingar hafa aldrei verið minni.

Upphaf vorannar: Áætlað er að kalla nýnema í skólann þann 31. ágúst 1987 og halda þeim sið, sem tekinn var upp á s.l. haustönn og mæltist vel fyrir, að hafa haustannafrí. Ákveðið var að innritunargjald yrði 2.000 kr. fyrir önnina. Skólameistari dreifði gögnum um fjölda nýnema sem innritaðir hafa verið og skiptingu nema á brautir í verknámi. Einnig dreifði skólameistari fjölrituðu kynningarriti um skólann. Rúmlega 200 nýnemar hafa þegar skráð sig, auk flugliðanema.

5. Framkvæmdir í sumar.

a) Þegar hafa verið kynntar breytingar á bókasafni, skrifstofu og prentstofu.

b) Hársnyrtideild verður flutt í bóknámshús, m.a. auðveldar það nemum að fá módel og skapar betri tengsl milli iðn- og bóknáms.

c) Rimlar verða settir fyrir glugga í tölvustofu, sem öryggisráðstöfun.

d) Gólfdukar verða lagaðir í kennslustofum.

6. Önnur mál.

a) Skólanum barst gjöf frá Vélstjórafélagi Suðurnesja á skólaslitunum að upphæð 40.000 kr. og skal henni varið til uppbyggingar á vélstjórabraut. Ákveðið var að senda félaginu þakkarbréf.

b) Skólameistari sat aðalfund Vélstjórafélags Suðurnesja skv. beiðni og greindi frá kennslu í greininni í skólanum. Á fundinum kom fram hvatning til skólans um að koma á framhaldsnámi (2. stig).

c) Skólameistari stóð fyrir "kaffifundi" um málmiðnað á Suðurnesjum og bauð til hans fólki frá öllum málmsmiðjum á svæðinu. Steinn Guðmundsson flutti fyrirlestur. Fáir mættu, en fundurinn var mjög gagnlegur.

d) Valtýr Guðjónsson, reikningshaldari skólans, hefur sagt starfi sínu lausu frá 1. september 1987 að telja. Auglýsa þarf stöðuna og breyta starfsheitinu í fjármálastjóri.

e) Heimild er fyrir 50.000 kr. til listskreytinga í skólanum. Skólameistari sagði frá nefnd kennara sem unnið hefur gott starf við að útvega efni til að skreyta skólann með. Fengist hafa milli 50-60 listskreytt veggspjöld gefins; innrömmun og varanlegur frágangur kostar um 80.000 kr. (lægsta tilboð). Skólameistari óskar eftir hækkun á upphæðinni sem þessu nemur og flytur nefndarmönnum listskreytinganefndar þakkir fyrir vel unnin störf. Var þetta samþykkt.

f) Flugliðabraut. Flugmálastjórn hefur óskað eftir því að flugnám hverfi inni í Háskóla Íslands. Háskólinn hefur samþykkt að nám hefjist haustin 1988. Flugmálastjóri hefur farið þess á leit við skólameistara FS að skólinn brúi bilið og starfræki brautina til hausts 1988. Skólameistari leggur til að þetta verði samþykkt með þeim skilyrðum: 1) að Flugmálastjórn greiði húsaleigu ef leigja þarf húsnæði fyrir brautina, og 2) Flugmálastjórn sjái alfarið um akstur nemenda og kennara. Skólanefnd samþykkir tillögu skólameistara að uppfylltum áðurnefndum skilyrðum, nema Jón Gunnarsson, sem var ósamþykktur því að taka flugliðabraut inn í skólann aftur.

g) Tölvuskóli Suðurnesja. Ræddar voru hugmyndir um

sjálfstæða stofnun, Tölvuskóla Suðurnesja, undir stjórn Fjölbrautaskólans og ýmissa stofnana og félagasamtaka á svæðinu. Skólinn mun leggja til tölvur skólans og húsnæði, félögin leggja til vél- og hugbúnað. Þetta yrði samnýting Fjölbrautaskólans og Tölvuskólans þannig að FS nýtti tækin á daginn, en Tölvuskólinn á kvöldin, um helgar og á sumrin. Ráða þarf mann í 1/2 starf til að sinna þessu. Hægt verður að bjóða ódýrari námskeið en einkaskólar í Reykjavík bjóða. Þetta verður skólanum að kostnaðarlausu og hjálpar til við viðhald tækjanna. Samþykkt var að fela skólameistara að taka upp formlegar viðræður við félögin um málið.

h) Minnispunktum um ræstingu var dreift og ákveðið að ræða málið nánar á næsta fundi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið um kl. 19.10.

Guðmundur Björnsson
Guðmundur Björnsson
formaður

Hulda Björk Þorkelsdóttir
Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

9. júní 1987.

NÁMSBRAUTIR FS YFIRLIT.

	Fjöldi nem.
1. Vélstjórn / vélavörður.	6
2. Sjúkraliðabraut.	8
3. Skipstjórnarbraut.	3
4. Grunndeild málm / vélvirkjun / rennismíði.	3
5. Grunndeild rafiðna.	8
6. Grunndeild tréiðna. (Húsasmíði)	4
7. Hársnyrtibraut.	9

Heildarfjöldi umsókna nýnema sem innritast hafa fyrir
haustönn 1987 er 198. (202)



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Maí 1987.

Nám í Fjölbrautaskóla Suðurnesja skólaárið 1987-88.

Ágæti, fyrrverandi grunnskólanemi.

Í upphafi vil ég óska þér til hamingju með að hafa lokið grunnskólaprófi. Vandí fylgir vegsemd hverri og nú stendur þú á tímamótum í lífi þínu. Standi hugur þinn til frekara náms blasir framhaldsskóli við. Á Suðurnesjum gegnir Fjölbrautaskóli Suðurnesja hlutverki framhaldsskóla. Stofnunin er samsett úr mörgum brautum og má til sanns vegar færa að hver braut samsvari ákveðnum sérskóla. Við FS er úrval námsbrauta svo mikið að allir ættu að geta fundið námsleið við hæfi. Þegar nýnemar leggja inn umsóknir verður starfsfólk skólans til staðar og aðstoðar hvern nema við brautarval. Rétt er þó að benda tilvonandi nemendum á að unnt er að skipta um námsbraut án þess að það seinki námslokum sé það gert á fyrstu 2-4 önnum.

Við hvetjum alla þá er hyggjast stunda nám við skólann til að velta gaumgæfilega fyrir sér hvaða námsbraut þeir telja falla best að áhugasviði og löngun. Ræðið þessi mál við foreldra, kunningja og vini þannig að val ykkar verði yfirvegað og markvisst.

Inntökureglur.

Til að hefja nám við FS þurfa nenendur að hafa lokið grunnskólaprófi. Umsóknareyðublöð og sérstakt afrit af grunnskólaprófi skal berast skólanum í síðasta lagi 5. júní 1987. Blöð þessi fylgja prófskírteini grunnskólans. Athugið að veita allar þær upplýsingar sem beðið er um og skilið ekki umsóknum fyrr en þið hafið rätt við einhvern af ráðgjöfum skólans.

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt er hverjum nemenda raðað í áfanga eftir þeim reglum sem ykkur hafa verið kynntar. Skólinn hefst svo í haust og verður nánari dagsetning auglýst síðar. Með umsókn skal fylgja 1.000,- króna staðfestingargjald, óafturkræft, er gengur svo upp í innritunargjald sem skal greitt í haust.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja - Kynning.

Keflavík
Sími 92-3100

N Á M S B R A U T I R F S - Y F I R L I T.

1. Grunndeild rafiðna.
2. Grunndeild tréiðna.
3. Grunndeild málmíðna.
4. Hársnyrtibraut.
5. Vélstjórnarbraut.
6. Skipstjórnarbraut.
7. Sjúkráliðabraut.
8. Tækniteiknun.
9. Fiskvinnslubraut I og II.
10. Flugliðabraut.
11. Viðskiptabraut (V-2).
12. Heilsugæslubraut (H-2).
13. Úppeldisbraut (U-2).
14. Þjálfunarbraut (Þ-2).
15. Fjölmíðlabraut.
16. Eðlisfræðibraut.
17. Náttúrufræðibraut.
18. Viðskiptabraut.
19. Málabraut.
20. Félagsfræðibraut.
21. Tónlistarbraut.
22. Fornám.
23. Rafvirkjun.
24. Íþróttabraut.
25. Tæknibraut I og II.
26. Vélvirkjun. *
27. Rennismíði. *
28. Meistaraskóli.

*Vonast er til að heimild fyrir þessum námsbrautum fáið fljótlega. Þá hefur verið sótt um heimild fyrir fiskeldisbraut.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja - kynning

Keflavík
Sími 92-3100

I ð N F R Æ ð S L U B R A U T I R.

Við FS má stunda nám á mörgum námsbrautum iðnfræðslunnar. Eðli-
leg námsframvinda er sú að nemendinn hefur nám í grunndeildum en
fer síðan ýmist á samning hjá meistara, í framhaldsdeildir
eða á tæknibraut (sem lýkur með stúdentsprófi).

Meðalnámstími í grunndeild er 3 annir eða 1 1/2 ár. Allar brautir
eru byggðar á samræmdri námsskrá framhaldsskólanna, útgefinni af
menntamálaráðuneytinu í apríl 1987. Við FS eru þessar iðnfræðslu-
brautir:

GRUNNDEILDIR:

FRAMHALDSDEILDIR:

Tréið			
Málmið	→	{ Vélvirkjun *	*Hefst líklega haustið 1987.
Hársnyrtibraut		{ Rennismíði *	
Rafið	→	Rafvirkjun	

VÉLSTJÓRNARBRAUT.

Vélstjórnarbraut I. stig (vélavörður) 1.önn.

Vélstjórnarbraut II.stig (1019 hestöfl) 4 annir.

TÆKNITEIKNUN.

Lýkur með tækniteiknunarprófi. 2 annir.

TÆKNIBRAUT.

Fyrir þá sem lokið hafa iðnnámi má bæta 4 önnum við og ljúka
stúdentsprófi af tæknibraut sem veita inngöngu í Háskóla Íslands
og Tækniskóla Íslands. Tvar annir eftir iðnnám veitir rétt til
náms í iðnfræði við Tækniskóla Íslands.

Að auki hafa fagbóklegar greinar í öðrum iðngreinum verið kenndar
við FS. Nefna má netagerð, pípulagnir, múrsmíði, bífvélavirkjun o.fl.
Atvinnumöguleikar að loknu námi á iðnfræðslunámi verða að teljast
nokkuð góðir, einkum í málmiðnaði og vélstjórn.

Allar frekari upplýsingar eru veittar við FS, sími 3100.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja - KYNNING.

Keflavík
Sími 92-3100

STÚDENTSPRÓF.

Allar námsbrautir við FS eru byggðar á samræmdri námsskrá framhaldsskólanna sem menntamálaráðuneytið gaf út í apríl 1987.

Allar stúdentsbrautir hafa sameiginlegan kjarna en sérhver braut hefur síðan ákveðið sérsvið svo sem sjá má af heiti þeirra.

Meðalnámstími er 8 annir eða 4 ár. Nemendur eru eindregið hvattir til að ljúka fyrst prófi af skemmri námsbrautum en halda svo áfram á stúdentsbrautum standi hugur þeirra þangað.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla.

TÆKNIBRAUT. 4 annir að loknu iðnnámi: Heppilegur undirbúningur náms í Tækniskóla Íslands. Veitir einnig inngöngu í Háskóla Íslands, m.a. verkfræðideild.

TÓNLISTARBRAUT. Nám úr tónlistarskóla (hljóðfæraleik eða einsöng) er metið sem sérsvið þessarar stúdentsbrautar.

NÝMÁLABRAUT. Áhersla lögð á 4 erlend tungumál, auk íslensku.

NÁTTÚRUFRAÐABRAUT. Áhersla lögð á náttúrufræði og raungreinar.

ÍPRÓTTABRAUT. Heppilegur undirbúningur til náms við Íþróttakennarskóla Íslands og Kennaraháskólann. Áhersla lögð á íþróttافرæði.

HAGFRÆÐABRAUT. Áhersla lögð á hagfræði og þætti er snerta viðskiptalíf og þjóðarbúskap.

FÉLAGSFRÆÐABRAUT. Samfélagsgreinum skipað í öndvegi, einkum sögu, félagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, stjórnmálafræði og fjölmiðlafræði, að nokkru eftir vali nemenda.

EÐLISFRÆÐABRAUT: Megináhersla lögð á stærðfræði og raungreinar, einlun eðlisfræði. Góður undirbúningur að námi í verk- og raunvísindadeild Háskóla Íslands.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

ATHUGUN Á FYRIRKOMULAGI Á RÆSTINGU Í

VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS OG AKRANESI:

Verslunarskólinn: Þorvarður Elíasson, skólastjóri:

Tilgangur fyrst og fremst að fá nemendur virka í því að fá fram betri umgengni í skólanum. Þeir nemendur, sem vilja taka að sér ræstingu, skrái sig í upphafi annar. Hver hópur sinni þessu verki í eina viku í semn undir yfirumsjón húsvarðar. Hver einstakur nemandi ráðstafar sínum launum. Nemendur ræsta ganga og almennar stofur, en fastráðið ræstingafólk sér um sérstofur eins og vélritunar-tölvu og efnafræðistofu auk kennarastofu, bókasafns og salerna. Húsvörður hefur yfirumsjón með allri ræstingu. Þorvarður hafði engar kostnaðartölur en telur að þetta sé ódýrara en uppmæling. Þeir í Verslunarskólanum voru byrjaðir að nota þetta fyrirkomulag í gamla skólanum en sögðu ekki starfandi ræstingafólki upp. Ekki var ráðið nýtt ræstingafólk, ef einhver hætti og þannig var breyttu fyrirkomulagi komið á. Húsvörður var ósáttur við þetta fyrirkomulag og vildi losna við það að stjórna krökkunum, þau væru misjöfn, sum góð og önnur afleit. Erfitt væri að fá alltaf svo til óvant starfsfólk vikulega til ræstinganna.

Samkvamt upplýsingum launamálafulltrúa Akranesbæjar er greitt samkvamt uppmælingataxta:

Í grunnskólanum er greitt 61.52 kr + orlof á hvern fermetra eða : 67,88 kr og ræstað síðdegis eftir skóla.

Í fjölbrautaskólanum er greitt 10% álag eða 67.67 kr á fermetra vegna þess að ræstað er á morgnana kl. 6-8 f.h. Orlofið er greitt þannig að fólkið fær 10 mánuðinn greiddan þó að ekki sé um ræstingu að ræða.

Kostnaður á hvern fermetra í F.A. þegar ræstað er verður 73.66 kr m/orlofi.

Til samanburðar var ~~Kostnaður~~ í aprílmánuði í F.S. 93.784 kr með orlofi til að ræsta 1721 m² eða 54.49 á m² samkvamt tímabundinni uppmælingu sem framkvæmd var 1974 og stuðst hefur verið við í F.S.

Í grunnskólanum á Akranesi eru hugmyndir um breytingar þannig að fastir húsverðir og gangaverðir taki að sér ræstingu og ræsti hverja stofu um leið og hún losnar og séu að einhverju leyti stöðugt að hreinsa og tína upp rusl meðan skólinn starfar. Vonast til að geta lækkað kostnað við ræstingu með þessu móti.

FUNDUR UM FLUGLIÐABRAUTINA

Fundur var haldinn í skrifstofum loftferðaeftirlits um stöðu flugliðabrautarinnar, 8.mai 1987 kl. 1115.

Viðstaddir voru:

Hjálmar Árnason skólameistari FS,
Haraldur Baldursson flugmaður,
Lárus J. Atlason FMS,
Ingveldur Dagbjartsdóttir FMS og
Skúli J. Sigurðarson FMS.
Í ljós kom, að gleymst hafði að boða Hjálmar Diego.

Skúli skýrði frá því, að staða mála væri nú þannig, að viðræður væru í gangi, milli Flugmálastjórnar og Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands. Stefnt væri að því, að taka bóklega kennslu til atvinnuflugs upp innan deildarinnar haustið 1988. Unnið væri markvisst að þessu máli. Þá væri stefnt að því að auglýsa fljótlega, að næsta vetur þ.e. skólaárið 1987-1988, verði kennt einum árgangi enn eftir gamla kerfinu. Þar er um að ræða það kerfi, sem hefur verið við lýði frá því í janúar 1978, þegar bóklega kennslan var flutt inn fyrir vébönd fjölbrautaskólakerfisins. Því færi Flugmálastjórnin þess á leit við FS, að hann annaðist þetta verkefni, að kenna þessum síðasta árgangi.

Hjálmar tók þessu vel og sagði, að skólanefnd FS héldi fund nú í síðari hluta mai. Þar yrði þetta erindi borið upp og afgreitt.

Nú er námsefni flugliðabrautar skilgreint í fyrsta sinn í nýjum samræmdum námsvísi fjölbrautaskólanna. Nemendur hafa nú þegar lokið stúdentsprófi af henni og nokkrir nemendur, sem hafa lokið flugliðabraut ýmist að hluta eða öllu leyti, eru í stúdentsnámi.

Hjálmar sagði, að ef það fyrirkomulag yrði tekið upp, að flytja atvinnuflugnámið úr fjölbrautakerfinu inn á háskólastigið, yrði að ganga frá ýmsum málum. Bæði væri þar um að ræða mál, er varða fyrirhugaðan síðasta árgang, svo og viðskilin við flugliðabrautina, sérstaklega málefni þeirra sem hana hafa stundað með það í huga að ljúka stúdentsprófi.

Af þeim málum, sem ganga þarf frá, mætti nefna þessi:

- Fjöldi í þessum síðasta bekk. Óráðlegt er að hafa nemendafjölda meiri en 25 t.d.
- Inntökuskilyrði í bekkinn. Í því sambandi taldi fundurinn, að fara bærri eftir fyrri samþykkt, um að hlutaðeigandi hafi a.m.k. tveggja ára námi í almennum skóla að loknu skyldunámi og a.m.k. 3 einingum í hverri eftirtalðra greina: ensku, stærðfræði og eðlisfræði.
- Ganga þarf frá, hvernig mál fallista frá flugliðabraut verða meðhöndluð.
- Ljóst þarf að vera, hvernig málefni þeirra, sem hafa lokið, eða ljúka flugliðabrautinni og byggjast nota það nám til stúdentsprófs, verða meðhöndluð.
- Athuga þarf hvernig útvegun kennara verður fyrir næsta vetur.
- Ganga þarf frá akstrinum og þeim málum er hann varða.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

BRAUTSKRÁNING VOR 1987.

Skólaslit fóru fram í Íþróttahúsinu í Sandgerði þann 23. maí s.l.
Brautskráningu hlutu 92 nemendur, fleiri en nokkru sinni fyrr. Þeir
skiptast svo eftir námsbrautum:

Fiskvinnslubraut	1
Vélaverðir	14
Iðnnámsbrautir	22
Tveggja ára brautir	8
Tækniteiknun	1
Verknámsbrautir	4
Meistaraskóli	2
Stúdentar	40

Að auki brautskráðust margir stúdentanna af skemmri brautum samtímis.
Síðan skólaslit fóru fram hafa tveir nemendur hlotið brautskráningu,
einn stúdent og annar af fluglíðabraut.

Nemendur skiptast þannig eftir byggðalögum:

Garður	4	nemendur
Grindavík	10	"
Keflavík	50	"
Njarðvík	18	"
Sandgerði	6	"
Vogar	2	"
Akureyri	1	nemandi
Patreksfjörður	1	"
Sauðárkrúkur	1	"
Þingeyjarsýsla	1	"

Ovenju mörg verðlaun voru veitt enda hópurinn talinn í sterkara lagi.
Auk hefðbundinna verðlauna voru afhent verðlaun frá Sparisjóði Kefla-
víkur, þ.á.m. bikarar, skvt. reglum þar um.

Að skólaslitum loknum voru kaffiveitingar í Samkomuhúsinu í Sandgerði
í boði Hreppsnefndar og foreldrafélags.